

Mál nr. 243/2002

M

(tjónþoli, starfsmaður H)

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs H.

Vinnuslys 06.03. 2000, ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.11. 2002, ásamt skjölum merktum nr. 1 – 11 þ.á m. skýrslur lögreglu, bréfaskipti aðila.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.11. 2002, þar sem hjálagt fylgdi afrit af bréfi félagsins til tjónanefndar, dags. 23.09. 2002 og bréfi lögmanns tjónþola, dags. 09.04. 2001.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 866/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Slysíð varð er M, sem var 19 ára verkamaður hjá vátryggingartaka, var við störf sín við jarðvinnuframkvæmdir. Voru tildrögin þau að frostköggull á stærð við skókassa féll af skurðbarmi ofan í skurð þann sem M var að vinna við og lenti ofan á hendi hans með þeim afleiðingum að hann handarbrotnaði. Stór beltagrafa var í notkun nálægt skurðbarminum en verið var að sanda skurðinn. Mikið frost hafði verið og allt jarðefni frosið. Skurðurinn mun hafa verið 2-3 metra djúpur.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi. Slysíð megi rekja til gáleysis gröfumanns vátryggingartaka og óforsvaranlegra vinnuáðstæðna og verkstjórnar á staðnum, sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á samkvæmt almennum reglum um húsbóndaábyrgð. Stuðst sé við 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ekki hafi verið gerðar fyrirbyggjandi ráðstafanir til þess að varna því að hrúnið gæti úr bakka skurðsins. Vísað er til leiðbeininga Vinnueftirlits ríkisins nr. 2/1990 um öryggi við skurðgröft og gryfjur sbr. nánar umfjöllun í málskotinu. Bæði verkstjóri og gröfumaður hafi vitað að M var ofan í skurðinum og hafa verði hugfast að “hér er um ferlíki að ræða, 24 tonna beltagröfu.” M telur að honum verði ekki virt það til sakar að hafa verið ofan í skurðinum að sinna störfum sínum, hann hafi sýnt alla þá aðgæslu sem af honum mátti krefjast.

Félagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ósannað að slysíð verði rakið til saknæmrar háttsemi stjórnanda gröfunnar, ófullnægjandi verkstjórnar eða öryggisráðstafana, óforsvaranlegra vinnuáðstæðna eða annarra atvika sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á. Slysíð megi rekja til óhappatilviks, sem ekki hafi verið fyrir séð og starfsmönnum vátryggingartaka verði ekki kennt um. Telur félagið að umræddur frostköggull hafi fallið ofan í skurðinn vegna titrings frá gröfunni eða þunga hennar þar sem henni var ekið u.þ.b. 1 meter frá skurðbarminum. Hafi stjórnanda hennar orðið þessa var og reynt að vara M við, en án árangurs. Félagið telur að aðstæður hafi ekki verið hættulegri en almennt gerist í jarðvinnu og að slyshætta af þessum orsökum sé hverfandi, ef eðlileg aðgát er viðhöfð. Félagið telur að ekki verði séð að verkstjórn hafi verið áfátt.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum var óvarlegt að láta M, sem var ungur að árum einungis 19 ára verkamaður, vera í skurðinum á sama tíma og grafan var að störfum einungis u.þ.b. 1 meter frá skurðbarminum. Hér var um stóra beltagröfu að ræða, 24 tonn miðað við málskotið. Gera mátti ráð fyrir þeim möguleika að það kynni að falla stykki úr skurðbarminum. Fullvíst má telja að umræddur frostköggull hafi fallið í skurðinn vegna titrings frá gröfunni.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirbyggjandi gögnum þ.á m. frásögnum aðila, er skaðabótaskylda fyrir hendi samkvæmt fyrirbyggjandi váttryggingu. Hana má rekja til gáleysis gröfumanns váttryggingartaka og óforsvaranlegra vinnuáðstæðna og verkstjórnar sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Stjórnanda gröfunnar og verkstjóra máttu vera ljóst að hætta var á ferðum og að óvarlegt væri að hafa starfmann í skurðinum á sama tíma og grafan var að athafna sig á skurðbarminum. Breytir ekki framanrituðu þó stjórnandi gröfunnar hafi reynt að vara M við þegar hann sá hvernig verða vildi. Ekki er unnt að fallast á það sjónarmið váttryggingafélagsins að aðstæður hafi ekki verið hættulegri en almennt gerist í jarðvinnu. Slysahætta af þessum orsökum á að vera hverfandi ef eðlileg aðgát er viðhöfð en hana vantaði í máli þessu.

Ekki er tilefni til þess að skerða réttarstöðu M vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt umræddri ábyrgðartryggingu.

Reykjavík 10. desember 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.